

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 150 – 15. 11. 2011

Þriðjudaginn 15. nóvember árið 2011, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.00 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Jón Magnússon og Úlfar Sveinsson, Páll Pálsson veitustjóri, Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Trúnaðarmál.
2. Ákvörðun vatnsgjalda fyrir árið 2012
3. Borun í Hrolleifsdal 2012
4. Aðalfundur Versins ehf.
5. Endurskoðun lána Skv.
6. Bréf frá Dögun ehf.
7. Bréf frá umboðsmanni Alþingis og Iðnaðarráðuneytinu.
8. Önnur mál
- 9.

Afgreiðslur:

1. Trúnaðarmál (sjá trúnaðarbók)
2. Samþykkt að vatnsgjald verði vegna ársins 2012, 0,16% af álagningarstofni. Lágmarksgjald skal vera pr. rúmmetra kr. 36,00 og hámarksgjald pr. rúmmetra kr. 42,50.
3. Farið yfir útboðsgögn sem unnin voru af Ísor vegna borunar nýrrar holu eftir heitu vatni í Hrolleifsdal. Samþykkt að taka ákvörðun, við gerð fjárhagsáætlunar.
4. Aðalfundur Versins ehf verður haldin 24.11.2011. Samþykkt að stjórnarmenn fari með atkvæði Skagafjarðarveitna ehf á fundinum.
5. Páll kynnti stöðu á lánamálum hjá Skagafjarðarveitum ehf. Samþykkt að fá KPMG Endurskoðun til að meta stöðu lánapakka Skagafjarðarveitna ehf, einnig að skoða lögmæti erlendalána sem eru í lánapakkanum.
6. Lagt fram bréf frá Dögun ehf dags 10. nóvember 2011 vegna stöðu kaldavatnsmála á Sauðárkróki. Samþykkt að taka málið fyrir á næsta fundi.
7. Lagt fram til kynningar bréf frá umboðsmanni Alþingis dags 3. október 2011 og iðnaðarráðuneytinu dags 31. október vegna lánsloforðs Orkuráðs til Skagafjarðarveitna ehf.
8. Önnur mál. Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17.25
Árni Egilsson ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)
Jón Magnússon (sign)
Úlfar Sveinsson (sign)
Páll Pálsson (sign)